

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Starfsmaður f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	26.10.22
<i>Fundarritari:</i>	Esther Hermannsdóttir	<i>Fundartími:</i>	13:00-15:08
<i>Gerð fundar:</i>	Fjarfundur		
<i>Pátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Sigríður Björnsdóttir (Mast – sérgreinadýralæknir hrossa og sérfræðimat á dýratilraunum), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýravendarsambands Íslands. og Hilmar Vilberg Gylfason (f.h. Bændasamtaka Íslands) Guðrún Birna Brynjarsdóttir (varamaður f.h. Bændasamtaka Íslands) var áheyrnarfulltrúi á fundinum		

Dagskrá

- Farið yfir fundargerð síðasta fundar
- Viðbrögð Matvælastofnunar við tilkynningum um illa meðferð á dýrum
 - Erindi Jóns G. Péturssonar – Dýranið á þjóðvegum
 - Yfirlýsing Samtaka um dýravelferð á Íslandi
- Önnur mál.

Umræður

Áður en gengið var til dagskrár bauð formaður nýja ráðsmenn velkomna og bar upp hvort andmæli væru við setu varamanns BÍ ásamt aðalmanni á þessum fundi, svo var ekki. Formaður áréttaði að Fagráð starfaði á grunni laga um velferð dýra og væri þannig hluti af stjórnarsýslunni og lyti tilheyrandi ákvæðum stjórnarsýslulaga og þagnarskyldu í samræmi við lög um opinbera starfsmenn. Formaður lýsti því yfir að hún teldi rétt til framtíðar litið að aðeins aðalmenn sætu fundi ráðsins og varamenn í þeirra fjarveru. Fulltrúi BÍ taldi hins vegar að full heimild væri fyrir varamenn að sitja fundi sem áheyrnarfulltrúar.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fram komu athugasemdir um að fundargerðir þyrftu að vera ítarlegri.

2. Viðbrögð Matvælastofnunar við tilkynningum um illa meðferð á dýrum

a) Erindi Jóns G. Péturssonar, Dýranið á þjóðvegum rætt. Lesin bókun Fagráðs frá 27. nóvember 2019. Í umræðum um nauðsyn samtals búfjáreigenda, sveitarfélaga og Vegagerðarinnar komu fram ólík sjónarmið. Ákveðið að halda umræðum áfram á næsta fundi og afgreiða málið þá.

b) Yfirlýsing Samtaka um dýravelferð á Íslandi (SDÍ) vegna vanrækslu hrossa í Borgarbyggð.

Yfirlýsing Samtaka um dýravelferð vegna vanrækslu hrossa í Borgarbyggð rædd. Formaður Fagráðs reifaði málið. Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands (DÍS) rakti aðkomu sína að málinu og feril tilkynninga til Matvælastofnunar vegna málsins. Sérgreinadýralæknir hrossa fór yfir málið. Fulltrúi Dýraverndarsambandi Íslands telur að Matvælastofnun hafi ekki nýtt þau úrræði sem stofnunin hafi í löggjöf til að grípa fyrir og sterkar inn í mál, sbr. 37.-39. gr. laga 55/2013 um velferð dýra. Fulltrúi Bændasamtakanna segir samtökin hafa rætt við Ríkisendurskoðun vegna úttektar á Matvælastofnun og taka undir sjónarmið DÍS um að æskilegt væri að grípa fyrir inn í mál er varða dýravelferð. Fram kom í máli formanns Fagráðs að hún telur að MAST hafi brugðist við og unnið skv. útgefnu verklagi stofnunarinnar og í samræmi við stjórnsýslulög. Ákveðið að halda umræðum áfram á næsta fundi og vinna að ályktun.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

•